

Mál nr. 9/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 7. febrúar var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 9/2011:

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 11. apríl 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn XX hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dags. 2. maí 2011 og honum gefinn andmælafrestur til 30. maí. Andsvar barst frá kærða Y dags. 26. maí og var afrit sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var kærði Y þá boðaður til sáttafundar 1. nóvember með ábyrgðarbréfi dags. 19. október. Kærði Y svaraði ekki fundarboði og var árangurslaust reynt að ná í hann í síma. Að kærða Y fjarstöddum var ákveðið á sáttafundi að senda honum bréf og óska eftir því að hann kæmi með ferkari gögn máli sínu til stuðnings og var honum gefinn frestur til 10. desember. Kærði Y svaraði því ekki heldur og var hann þá öðru sinni boðaður bréflega með ábyrgðarbréfi á sáttafund sem haldinn skyldi að þessu sinni 10. janúar. Kærði Y hafði samband við skrifstofu HRFÍ hinn 10. janúar og óskaði eftir símafundum þar eð mikil ófærð var á götum Höfuðborgarsvæðisins og hann treysti sér ekki til að komast á fundinn. Var orðið við því. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir í málinu og þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunartorði var rakkinn XX paraður við tíkina YY 18-19. október 2010 án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu alaskan malamute og er rakkinn í eigu kærða Y. Við pörunina var rakkinn XX ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærði Y svaraði því til að rakkinn XX hefði verið augnskoðaður í október 2008 og staðist skoðun. Þegar ákveðið var að para hann í október 2010 var ekki boðið upp á augnskoðun á vegum HRFÍ og því hafi hann farið með rakkann XX til Dagmar Völu Hjörleifsdóttur dýralæknis í augnskoðun, sem að sögn er tilbúin að votta skoðunina verði þess óskað. Kærða Y var boðið að koma með gögn því til staðfestingar að dýralæknirinn Dagmar Vala Hjörleifsdóttir hefði augnskoðað rakkann XX og einnig að hún hefði leyfi til að gefa út augnvottorð.

Kærði hefur ekki framvísað þessum gögnum heldur einungis framvísað reikningi þar sem fram kemur að rakkinn XX afi verið skoðaður af dýralækninum og þar eð dýralæknirinn sá ekkert athugasvert þá ákvað kærði að para rakkann XX.

II. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið alaskan malamute:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. (Gildir frá 01.03.2009)“

Aðeins sérfræðingar í augnsjúkdómum geta gefið út gild augnvottorð fyrir hunda og samkvæmt gögnum HRFÍ er enginn slíkur til héraendis. Kærða Y hefur auk þess ekki tekist að fá það staðfest að dýralæknirinn Dagmar Vala Hjörleifsdóttir sé sérfræðingur á þessu sviði. Geta því augnvottorð né reikningur útgefinn af henni ekki talist gild vottorð. Það er því óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 18. - 19. október 2010 var rakkinn XX ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu alaskan malamute skal augnskoðun hafa farið fram og vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði Y taldi sig vera með gilt augnvottorð fyrir rakkann XX og paraði hann í þeirri trú enda búinn að skoða vandlega bakgrunn hundanna að öðru leyti. Kærði Y hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og þykir siðanefnd þar af leiðandi ekki efni til að veita áminningu að þessu sinni.

III Niðurstaða.

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum HRFÍ.

Sign: *Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*